

AÐALSKIPULAG 2000-2020

GRINDAVÍK

aðalskipulagsbreyting vegna hesthúsahverfis við Dagmálaholt

Umhverfisskýrsla

nóvember 2009

Inngangur

Aðalskipulagi Grindavíkur 2000 - 2020, bæði þéttbýlis- og dreifbýlisuppdrætti, er breytt á svæði norðan fyrirhugaðs Suðurstrandarveggar, ofan byggðar Grindavíkur, vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á hesthúsahverfi bæjarins. Samhliða breytast tengingar við Suðurstrandarveg. Aðalskipulagsbreytingin nær til svæðis sem er á mörkum þéttbýlisuppdráttar og dreifbýlisuppdráttar og er mörkum þéttbýlisuppdráttar því jafnframt breytt þannig að allt hesthúsahverfið verði innan þéttbýlisuppdráttarinnar.

Núverandi hesthúsahverfi austan nýjustu íbúðahverfa bæjarins er mjög komið til ára sinna og er fyrirsjáanlegt að mikil uppbygging og stækkun á núverandi hesthúsasvæði myndi þrengja að og takmarka fýsilegustu stækkunarmöguleika íbúðabyggðar. Með hliðsjón af sívaxandi vinsældum hestaíþróttarinnar og auknum uppbyggingaráformum hestamanna hefur nýju hesthúsahverfi verið afmarkað svæði við Dagmálaholt norðan núverandi hesthúsahverfis og norðan fyrirhugaðs Suðurstrandarveggar. Svæðið er nokkuð slétt, jarðvegslítið hraunsvæði, og er auðvelt til uppbyggingar. Austan og norðaustan svæðisins er gróðursnautt land sem heppilegt er til uppgræðslu beitolands og trjáræktar til skjólmyndunar. Lögð er rík áhersla á að við gerð beitolands og með trjárækt verði tekið fyllsta tillit til staðhátta, svo sem hraunjaðarsins og annars landslags.

Umhverfismat áætlunarinnar unnu í samstarfi: Vinnustofan Pverá, Efla verkfræðistofa og Tæknisvið Grindavíkurbæjar.

Gróf skipting svæðisins:

Hesthúsahverfi um 12 ha, trjárækt um 20 ha og beitoland um 33 ha. Núverandi hesthúsahverfi er ekki breytt á aðalskipulagi en reiknað er með að það muni brátt víkja og falli niður við næstu endurskoðun aðalskipulags, sem nú er í vinnslu.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á aðalskipulagi Grindavíkur, þéttbýlisuppdrætti:

- Þéttbýlisuppdrátturinn er stækkaður til austurs.
- Hluta af óbyggðu svæði suðvestan, vestan og norðvestan við rætur Húsafells er breytt í opið svæði til sérstakra nota og það skilgreint sem hesthúsasvæði, trjáræktarsvæði og beitoland.
- Vegtenging milli fyrirhugaðs Suðurstrandarveggar og Austurvegar er færð til austurs. Um hringtorg við hlið undirganga er gerð tenging milli núverandi hesthúsahverfis og nýja hesthúsahverfisins. Jafnframt er vegurinn færður austur fyrir gámalosunar- og geymslusvæði bæjarins merkt I2.
- Reiðleiðir og gönguleiðir eru skilgreindar nánar út frá nýju hesthúsahverfi, að mestu eftir nú þegar gerðum slóðum.

Umhverfisskýrsla skv. 6. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana

Efni og stefnumið áætlunar og tengsl við aðra áætlanagerð

Efni og helstu stefnumiðum áætlunarinnar var lýst hér að framan. Forsendur áætlunarinnar eru gerð nýs hesthúsahverfis norðan Suðurstrandarveggar og tenging þess við núverandi byggð s.s. núverandi hesthúsahverfi. Gert verður deiliskipulag af hesthúsabyggðinni í samræmi við skipulags- og byggingarlög. Ekki er um að ræða tengingu við aðrar áætlanir sem í gildi eru.

Grunnástand og líkleg þróun þess án framfylgdar þessarar áætlunar

Svæðið sem ætlað er undir hesthúsabyggð er óbyggt. Svæðið er fremur flatlend hraunasvæði og einkennist gróðurfar svæðisins af því, þ.e. af mosagróðri og graslendi. Stutt er frá svæðinu að núverandi hesthúsasvæði. Tengivegur að byggðinni liggur yfir sambærilegt hraunasvæði. Ef ekki verður af breytingu á aðalskipulagi verður svæðið áfram óbyggt en gera má ráð fyrir því að á næstu árum skapist þörf fyrir notkun á svæðum næst þéttbýli Grindavíkur undir ýmsa starfsemi.

Upplýsingar um umhverfisvandamál og umhverfisverndarmarkmið sem varða áætlunina.

Umhverfisvandamál: Engin umhverfisvandamál eru á svæðinu sem áætlunin tekur til í dag og ekkert í eðli þeirrar landnotkunar sem er lögð til sem valdið getur hættu á umhverfisvandamálum á svæðinu eða á nærliggjandi svæðum skv. gildandi aðalskipulagi.

Umhverfisverndarmarkmið: Eldhraun njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og skal forðast að raska þeim svo sem kostur er. Þetta á við um stóran hluta lands í lög-sögu Grindavíkur. Því er mikilvægt að allar framkvæmdir miði að því að halda raski í lágmarki og að tengivegur sé felldur vel að landi. Ekki eru önnur verndarákvæði á því svæði sem áætlunin tekur til s.s. vatnsvernd, náttúruvernd eða þjóðminjavernd.

Skilgreining, lýsing og mat á umhverfisáhrifum

Þeir þættir breytingarinnar sem taldir eru geta valdið umhverfisáhrifum eru rask á landi við uppbyggingu hesthúsahverfis og tengivegar. Á aðalskipulagsstigi eru þeir umhverfisþættir sem litið er til eftirfarandi: Landslag og jarðmyndanir, gróður og grunnvatn.

Viðmið sem notuð eru við mat á áhrifum eru talin upp í töflu nr. 1. Viðmið sem notað er við mat á vægi áhrifa er sýnt í töflu nr. 2.

Tafla 1. Viðmið við mat á áhrifum áætlunar á umhverfisþætti

Gróður	<ul style="list-style-type: none">• Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands yfir plöntur (1996).• Listi yfir 31 friðlýstar plöntur sbr. auglýsingu nr. 184/1978.• Sjaldgæfar plöntur og sérstæðar á landsvísu.• Náttúruminjaskrá, 7. útgáfa (1996).
Jarðmyndanir og landslag	<ul style="list-style-type: none">• Lög um náttúruvernd nr. 44/1999, kaflar V og VI• Náttúruminjaskrá, 7. útgáfa, 1996, með síðari viðbótum.• Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Aðferðarfræði. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar.• Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020. Umhverfisráðuneytið, 2002.
Grunnvatn	<ul style="list-style-type: none">• Reglugerð nr. 796/1999 með breytingu nr. 533/2001 um varnir gegn mengun vatns.• Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.• Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.

Tafla 2. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat aðalskipulagsbreytingarinnar

Vægi áhrifa/ Vægis-einkunn	Skýring
Verulega jákvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti bæta hag mikils fjölda fólks og/eða hafa jákvæð áhrif á umfangsmikið svæði. Sú breyting eða ávinningur sem hlýst af framkvæmdinni/áætluninni er oftast varanleg. Áhrifin eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Talsvert jákvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, en svæðið kann að vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. Áhrifin geta verið jákvæð fyrir svæðið og/eða geta verið jákvæð fyrir fjölda fólks. Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum afturkræf. Áhrif geta verið stað-, svæðisbundin og/eða á landsvísu. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Óveruleg	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti eru minniháttar, með tilliti til umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum, ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrif eru oftast stað-, eða svæðisbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Talsvert neikvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, en svæðið kann að vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. Áhrifin geta verið neikvæð fyrir svæðið og/eða geta valdið fjölda fólks ónæði eða óþægindum. Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum óafturkræf. Áhrif geta verið stað-, svæðisbundin og/eða á landsvísu. Áhrifin geta að einhverju leyti verið í ósamræmi við ákvæði laga og reglugerða, almenna stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.
Verulega neikvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti skerða umfangsmikið svæði og/eða svæði sem er viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja, og/eða rýra hag mikils fjölda fólks. Sú breyting eða tjón sem hlýst af framkvæmdinni er oftast varanleg og yfirleitt óafturkræft. Áhrif eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin. Áhrifin eru í ósamræmi við ákvæði laga og reglugerða, almenna stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Óvissa	Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfispætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun.

Einkenni og vægi áhrifa

Gróður:

Svæðið sem áætlunin tekur til er vaxið mosa og graslendi. Áhrifin eru óafturkræf þar sem gera má ráð fyrir að aðstæður á svæðinu breytist varanlega með jarðraski og uppbyggingu hesthúsahverfis. Áhrif af uppgræðslu innan svæðisins felast í því að breyting verður á tegundasamsetningu svæðisins. Eingöngu verði nýttar innlendar tegundir við trjárækt. Engin gróðurlendi finnast á svæðinu sem eru frábrugðin gróðurlendi aðliggjandi svæða. Áhrif tengivegar og hesthúsabyggingar felast í því að gróðri verður raskað á u.þ.b. 12-14 ha svæði. Áhrifin taka því ekki til umfangsmikils svæðis, né er svæðið í heild viðkvæmt m.t.t. gróðurs.

Í heildina eru áhrif á gróður talin óveruleg.

Jarðmyndanir og landslag:

Áhrif af áætluninni á jarðmyndanir felast í raski á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd en stór hluti lands í nágrenni Grindavíkur einkennist af jarðmyndunum af þessu tagi. Lögð er rík áhersla á að tekið verði fyllsta tillit til staðháttá, svo sem hraunjaðarsins við beitolandið sem er gróðursnautt svæði, sem lagt er til að verði grætt upp til beitars, og að hellubrot á svæðinu verði nýtt til hleðslu og í stigagerð. Áhrifin eru varanleg og óafturkræf en taka ekki til umfangsmikils svæðis.

Áhrif á landslag og jarðmyndanir eru talin talsvert neikvæð.

Grunnvatn:

Hætta á mengun fylgir alltaf framkvæmdum eins og uppbyggingu þessa svæðis. Þau áhrif eru tímabundin. Sú landnotkun sem áætluð er á svæðinu mun jafnframt ekki stofna vatnsgæðum í hætту. Svæðið sem áætlunin tekur til er ekki viðkvæmt m.t.t grunnvatns, sbr. viðmið í töflu 1.

Áhrif á grunnvatn eru því talin óveruleg.

Valkostir

Bornar hafa verið saman mismunandi staðsetningar nýs hesthúsahverfis. Stutt fjarlægð og þ.a.l. lítill tilkostnaður vegna vegtengingar, lagnaleiða og þjónustu vegur þungt við val heimamanna á þessari staðsetningu við Dagmálholt. Aðrar staðsetningar hesthúsasvæðisins voru skoðaðar en höfðu í för með sér lengri leiðir og verri tengsl núverandi hesthúsahverfis og þess nýja, sem einnig hefur félagsleg áhrif á íbúa. Kom þar helst til álita svæði nokkru norðar, við Grenhól. Með stuttum vegalengdum verður mengun af völdum umferðar takmörkuð og tengingar hagkvæmari en annarra valkosta sem skoðaðir voru. Áhrif á gróður og á grunnvatn hefðu orðið sambærileg skv. valkosti við Grenhól, þ.e. óveruleg í báðum tilvikum. Áhrif á jarðmyndanir og landslag og gróður hefðu orðið minni þar sem minna hrauni og minni gróðri hefði verið raskað.